

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Garðabær, 20. nóvember 2025
202510-0073/Á.G.
08.02

Efni: Umsögn – Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna nýs tækniskóla -Hafnarfjarðarbær.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarbær er barst 16. október þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna nýs tækniskóla í Hafnarfjarðarbæ.

Í greinargerð kemur fram að heimila breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna áforma um byggingu Tækniskóla á svæði sem afmarkast af Óseyrargötu, Fornubúðum og Cuxhavengötu. Byggingin mun sameina starfsemi Tækniskólans á einn stað en hún er nú dreifð um höfuðborgarsvæðið á níu stöðum.

Nánd við friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að skipulagsreiturinn teygir sig ögn inn á svæði nr. 113 á Náttúruminjaskrá, Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði, og einnig mjög nálægt fólkvanginum Hvaleyrarlóni sem er friðlýst svæði samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 397/2009. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að minnst sé á svæðin í áframhaldandi skipulagsvinnu og hvernig áhrif á þau verði haldið í lágmarki.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
René Biasone
svæðissérfræðingur